

Slys á börnum á skólatíma

Almenn skyndihjálpi á við þegar börn meiða sig eða slasast í skólanum. Sjúkrakassar eru staðsettir á kaffistofunni og á skrifstofu stjórnenda.

Æskilegt er að deildarstjóri barnsins eða starfsmaður hringi í foreldra og upplýsi um ástand barnsins og það sem gerðist.

Ef slys er alvarlegt á að hringja í neyðarlínuna 112 og foreldra

Sá sem hringir:

- Kynnir sig með nafni og segir hvaðan er hringt.
- Á að vera rólegur og tala skýrt.
- Segir í stuttu máli frá því sem kom fyrir barnið og reynir að koma strax til skila hvað sé að.
- Forðast að nota sterk orð.

Ef hringt hefur verið á sjúkrabíl er endað á að segja foreldrum frá því og látið vita hvaða starfsmaður fór með barninu á sjúkrahús/heilsugæslu og hvert var farið.

Slysaskráningar eru skráðar í Karellen

Barn finnst ekki eða „týnist“.

Ef barn finnst ekki eða „týnist“, þarf starfsfólk að bregðast við og taka mið af:

- Aldri og þroska barnsins.
- Líkunum á að barnið geti farið sér að voða eða sé í hættu utan skólalóðarinnar
- Hvar seinast sást til barnsins, úti / inni.
- Hvort skór og yfirhafnir barnsins séu á sínum stað.
- Upplýsingar frá starfsfólki sem sá barnið seinast
- Fyrri sögu

Gæta þess að önnur börn séu örugg þegar starfsfólk fer að leita barns/barna.

Sé barnið ungt eða ófært um að meta hættulegrar aðstæður þarf að:

- Virkja fleira starfsfólk með hraði, skipta verkum og koma skilaboðum áfram.
- Skima strax yfir umhverfið næst skólanum og nærliggjandi götur vegna hættu af bílaumferð.
- Starfsmaður gæti þurft að stökkva umsvifalaust af stað á eftir barni sem gæti farið sér að voða. Gæta þess að barnið skynji hlaupi ekki sem eltingaleik eða fari af öðrum ástæðum að hlaupa hraðar.
- Ganga, eða aka um hverfið, hringja í foreldra.
- Athuga mögulega staði sem barnið færi á, heim, vinnustað foreldra eða staði í nágrenninu.
- Láta foreldra og stjórnenda vita.
- Hringja í lögreglu ef barnið finnst ekki fljótlega.